

Garðabær-Bæjarskrifstofur  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

|                          |          |
|--------------------------|----------|
| Bæjarskrifst. Garðabæjar |          |
| Mótt.dags.               | 20.01.20 |
| Málalýðili               | 8.23     |
| Mál nr.                  | 2001299  |

Akureyri 10. janúar 2020  
UST202001-051/S.K.  
05.00

### Endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs í sveitarfélaginu

Árið 2018 var endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs á Íslandi um 28%, en gögnum um endurvinnslu heimilisúrgangs hefur verið safnað frá árinu 2008. Hæst fór hlutfallið upp í 33% árið 2016. Í 2. mgr 13. gr reglugerðar 737/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum kemur fram að endurnotkun og endurvinnsla úrgangsefna, a.m.k. pappírs, málma, plasts og glers, frá heimilum skuli að heildarþyngd vera að lágmarki 50% árið 2020. Þar að auki verða hertar kröfur um endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs innleiddar í íslenska löggjöf á þessu ári vegna skuldbindinga sem Ísland hefur við Evrópska efnahagssvæðið. Nýjum markmiðum þarf að ná í síðasta lagi 2025 (55% endurvinnsla), 2030 (60%) og 2035 (65%). Um leið verður innleitt nýtt markmið um að árið 2035 verði urðuð að hámarki 10% af þeim heimilisúrgangi sem fellur til. Því er ljóst að allir haghafar, ríki, sveitarfélög og rekstraraðilar, þurfa að vinna markvisst að því að greiða fyrir endurvinnslu þessa úrgangsstrauma.

Samkvæmt 19. gr. laga 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skulu rekstraraðilar skila skýrslu um úrgang til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Skýrslan skal innihalda upplýsingar um tegundir úrgangs, magn, uppruna eftir atvinnugreinaflokkum og sveitarfélögum og ráðstöfun hvernar tegundar. Þessum upplýsingum er eins og fyrirkomulagið er í dag skilað inn á rafræna gagnagátt hjá Umhverfisstofnun.

Bókhaldsárið 2018 var fyrsta árið sem rekstraraðilum var skylt að skila úrgangstölum niður á sveitarfélög, sú skráning er nokkuð flókin í framkvæmd og ljóst að úrgangstölfræði fyrir árið 2018 er ekki fullkomin. Þannig endurspeglar úrgangstölfræði fyrir árið 2018 oft að litlu leyti stöðu hvers sveitarfélags. Nákvæm skráning getur verið vandkvæðum háð, s.s. getur reynst erfitt að rekja úrganginn eða blöndun verður á úrgangi frá mismunandi sveitarfélögum áður en hann berst lokameðhöndlunaraðila. Umhverfisstofnun vonast til að skráningin verði nákvæmari með tímanum þegar reynsla er komin á fyrirkomulagið.

Í töflu 1 eru tilgreindir allir þeir úrgangsflokkar sem teljast sem heimilisúrgangur. Heimilisúrgangur getur átt uppruna sinn hvort eð heldur hjá heimilum eða rekstraraðilum, en heimilisúrgangur er skilgreindur í lögum 55/2003 um meðhöndlun úrgang sem: *úrgangur*

frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.

Tafla 1 - Endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs í sveitarfélaginu fyrir árið 2018.

|                                                       | Garðabær              |                        |                           |
|-------------------------------------------------------|-----------------------|------------------------|---------------------------|
|                                                       | Heildarmagn<br>[tonn] | Endurvinnsla<br>[tonn] | Endurvinnslu-<br>hlutfall |
| 06.31 Málmumbúðir                                     |                       |                        |                           |
| 07.11 Glerumbúðir                                     |                       |                        |                           |
| 07.21 Pappírs- og pappaubúðir                         | 1214,99               | 1214,99                | 100,00%                   |
| 07.23 Pappírs- og pappáúrgangur (ekki umbúðir)        | 940,72                | 935,51                 | 99,45%                    |
| 07.41 Plastumbúðir                                    | 28,98                 | 28,98                  | 100,00%                   |
| 07.51 Viðarumbúðir                                    |                       |                        |                           |
| 07.53 Viðarúrgangur (ekki umbúðir) (ekki spilliefni)  | 64,01                 | 47,78                  | 74,64%                    |
| 07.6 Textílúrgangur                                   |                       |                        |                           |
| 08.2 Raf- og rafeindatækjaúrgangur*                   | 3,15                  | 3,15                   | 100,00%                   |
| 08.41 Rafhlöður og rafgeymar**                        | 17,79                 | 17,79                  | 100,00%                   |
| 09.12 Matarúrgangur frá eldhúsum og verslunum         | 233,04                | 231,12                 | 99,18%                    |
| 09.21 Garðaúrgangur, garðyrkju- og skógræktarúrgangur |                       |                        |                           |
| 10.11 Blandaður heimilisúrgangur                      | 293,69                |                        |                           |
| Samtals                                               | 2796,37               | 2479,32                | <b>88,66%</b>             |

\* Ekki hægt að aðgreina heimilisúrgang og rekstrarúrgang og því báðir flokkar inn í þessum tölum.

\*\* Almennt teljast rafhlöður sem heimilisúrgangur en rafgeymar sem rekstrarúrgangur. Ekki hægt að aðgreina og því báðir flokkar inn í þessum tölum.

Sveitastjórnir bera ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs samkvæmt lögum 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og gegna því lykilhlutverki í því að auka endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs með að leita leiða til að koma í veg fyrir að úrgangi sé fargað. Í þeim tilfellum þar sem skráning endurspeglar ekki raunverulegt ástand um meðhöndlun heimilisúrgangs felast tækifæri í því fyrir sveitarfélög að eiga í samtali við rekstraraðila, sem taka við úrgangi frá íbúum sveitarfélagsins, með það að markmiði að skoða leiðir til að bæta upprunaskráningu úrgangs frá sveitarfélögum.

Samkvæmt gögnum úr gagnagátt Umhverfisstofnunar var endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs í sveitarfélaginu 88,66%, eins og sjá má í töflu 1, sem er 38,66 prósentustigum yfir settu markmiði árið 2020.

Í þeim úrgangsflokkum þar sem endurvinnsluhlutfallið er 0 er ráðlagt að skoða hvort að ástæðan sé sú að rekstraraðili sé ekki að skrá úrganginn á rétt sveitarfélag eða annars hvort endurvinnslufarvegir fyrir úrganginn séu ekki til staðar innan sveitarfélagsins.

Úrgangsflokkar þar sem engar tölur eru uppgefnar má skoða sérstaklega. Þar er meðal annars um að ræða málmumbúðir, en upprunaskráning á drykkjarvöruumbúðum úr málmi hefur ekki verið til staðar og er þessi úrgangsstraumur stór hluti af þeim málmumbúðum sem falla til. Ef sveitarfélagið býður upp á flokkun á málmumbúðum þarf að skoða ástæðurnar fyrir því að tölur fyrir málmumbúðir aðrar en drykkjarvöruumbúðir skila sér ekki í réttan flokk.

Textíluúrgangur sem meðhöndlaður er af Rauða Krossinum (eða öðrum hjálparsamtökum) hefur almennt ekki verið skráður í gagnagátt Umhverfisstofnunar.

Eins og fram kom hér að ofan endurspeglar úrgangstölfræði fyrir árið 2018 að litlu leyti stöðu hvers sveitarfélags vegna vandkvæða í skráningu. Umhverfisstofnun telur það hag sveitarfélagsins að efla skráningu í samstarfi við rekstraraðila til að geta í framtíðinni haft yfirsýn yfir árangur og áætlað hvar það stendur miðað við sett markmið. Eins og einnig hefur komið fram þurfa allir haghafar að vinna markvisst að því að greiða fyrir endurvinnslu þessara úrgangsstrauma til að hægt verði að ná markmiðum um endurvinnslu heimilisúrgangs, þar er ekki nóg að líta til bættrar tölfræði heldur þarf að tryggja að farvegir séu til staðar.

Virðingarfyllst

*Steinunn Karlsdóttir*  
Steinunn Karlsdóttir  
sérfræðingur

*Elva Rakel Jónsdóttir*  
Elva Rakel Jónsdóttir  
sviðsstjóri